

Fundargerð 17.1. 2024

Fundur settur af formanni klukkan 18.00

Fundarstjóri er Ólöf Dómhildur

Mættir eru á fundinn Tuuli, Heiðar Birnir, Sæbjörg Freyja, María, Ólöf Dómhildur og Aðalheiður.

Fundarskrá:

1. Gjaldkeri og gjald í foreldraráð
2. Útfærsla á edrúpotti
3. Handbókin
- 4.

1. Tuuli bauðst til að vera gjaldkeri til vors. Hugmyndir af gjaldkerum næsta haust, Dagný Finnbjörns og Edda María Hagalín.

Rætt var að stofna þyrfti bankareikning, til þess þarf að stofna kennitölu eða fá hana einhversstaðar frá. Kannað verður hvort fyrri foreldrafélög hafi átt slíka.

Ákveðið hefur verið að fyrsta greiðsla verði haustið 2024, tillaga um að verðið verði um 2500kr.

2. Rætt var um Edrúpottinn/fyrirmyndarpottinn. Fyrirhugað að byrja á Sólrísu ef vilji er fyrir hendi hjá nemendafélaginu. Ölvun mun þá ógilda miðann eins og er einnig reglan í dag, nemendur fá þá val um að blása og komast í þartilgerðan lukkupott. Þar sem allir eru að læra á persónuverndarlögin, hvernig hægt er að framkvæma þetta án þess að fara yfir mörkin, þá kom hugmynd um að vinningshafa edrúpotts yrðu send smáskilaboð eða email um að hann hafi unnið. Nemandinn gæti þá sjálfur sagt frá því ef hann vildi. Hugmyndir af vinningum og styrkjum: Hamraborg, bíó, Jakob Valgeir (styrkur), Stöðin heilsurækt, Origo, Elko, Zipline, Tix.....

Það þarf að útfæra þetta með nemendafélaginu, fá hugmyndir og hvernig við framkvæmum þetta.

(Aðalheiður og Heiðar Birnir fóru á fund með nemendafélaginu og kynntu sig og þær hugmyndir sem foreldrafélagið hefur. Þau voru búin að hugsa þetta með edrúpottinn og kjósa frekar að kalla þetta edrúpott en fyrirmyndarpott. Lögðum til að við hjálpuðumst að með að safna styrkjum til kaupa á vinningum.)

3. Handbókin

Hver sér um sinn hluta að skrifa upp og lagfæra.

Nokkur atriði úr handbókinni rædd, eins og að halda fræðslufundi helst 2svar á ári, að það yrðu fyrirlestrar opnir öllum. Við höldum svo áfram að vinna í handbókinni að fundi loknum.

4. Önnur mál

Heiðar Birnir talaði um miikilvægi þess að tryggja öryggi nemenda á viðburðum sem haldnir eru. Allir sammála og mikilvægt að virkja foreldra í gæslu.

Aðalheiður og Heiðar Birnir hitta nemendaráð kl:08.10 þann 22.janúar næstk.

Miklar vangaveltur eru um hvert einstaklingur á leið í hættuástand geti leitað ef þess er óskað, ræða þurfi við VáVest og lögregluna og fá upplýsingar. AA fundir á Zoom,

SÁÁ að bjóða uppá fyrirlestur?

Einnig varðandi önnur geðræn vandamál, hvert einstaklingur leitar, því virðist sem ungir einstaklingar á milli 16-18 lendi í nokkurskonar pattstöðu varðandi margt í heilbrigðiskerfinu, þá sér í lagi á geðheilbrigðissviði. Værð virðist bjóða uppá eitthvað í samstarfi við geðheilbrigðisteymið hér, þarf að auglýsa eða upplýsa um það.

Fundi var slitið af fundarstjóra klukkan 18.54

Aðalheiður ritari